



júní 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Mótun menntastefnu	4
Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030.....	9
Framtíðarsýn	9
Leiðarljós - barnið sem virkur þátttakandi	10
Leiðarljós - Fagmennska og samstarf í öndvegi.....	10
Meginmarkmið	11
Félagsfærni - Samfélagsleg ábyrgð og virkni	11
Sjálfsþing - Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu.....	11
Læsi - Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi	11
Sköpun - Skapandi hugur og hönd	11
Heilbrigði - Heilbrigði, lífstíll og vellíðan.....	11
Innleiðing menntastefnunnar.....	12
Almennar aðgerðir	12
Innleiðingarteymi	14
Verkfæri og hugmyndafræði við innleiðinguna.....	14
Kynningarfundir á vorönn 2019.....	16
Þróunar- og nýsköpunarsjóður.....	19
Smiðjur, fundir og starfsdagar í skóla- og frístundastarfi.....	20
Samstarf við Háskóla Íslands	22
Barnamenningarhátíð – Draumar geta ræst	23
Upplýsinga- og vefmál	24
Framhald innleiðingar 2019-2020	25
Fylgiskjöl	26

Inngangur

Undirbúningur að mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar hófst síðla árs 2016. Á fundi borgarstjórnar þann 17. janúar 2017 var samþykkt að hefja mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030. Skipaður var stýrihópur með fulltrúum allra framboða í borgarstjórn og samráðsvettvangur undir forystu borgarstjóra sem hafði að geyma fulltrúa allra helstu hagsmunaaðila í skóla- og frístundastarfi borgarinnar auk innlendra og erlendra ráðgjafa með finnska menntasérfræðinginn Pasi Sahlberg í öndvegi.

Víðtækt samráð var haft við börn og ungmenni, foreldra, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi við mótun menntastefnunnar auk þess sem tekið var á móti ábendingum, hugmyndum og tillögum almennings á vefgáttinni Betri Reykjavík. Talið er að nærri 10 þúsund manns hafi komið að [mótun menntastefnunnar](#) á þeim tæpu tveimur árum sem vinnan stóð yfir.

Menntastefnan var lögð fram í borgarráði 5. nóvember 2018 þar sem lagt var til að borgarráð samþykkti stefnuna og almennu aðgerðirnar en vísaði síðan til endanlegrar afgreiðslu í borgarstjórn. Menntastefnu og almennum aðgerðum hennar yrði í kjölfarið vísað til skóla- og frístundasviðs til nánari útfærslu og innleiðingar.

[Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 – Látum draumana rætast](#) hvílir á þeirri skíru framtíðarsýn að börn og unglingar í borginni öðlist menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Meginmarkmið stefnunnar byggja á fimm hæfnipáttum, sem lögð er áhersla á að styrkja sérstaklega sem undirstöðu heildstæðrar menntunar til framtíðar: félagsfærni, sjálfseflingu, sköpun, læsi og heilbrigði. Samhliða stefnunni voru lagðar fram tillögur að almennum aðgerðum á grundvelli menntastefnu til næstu þriggja ára.

Mótun menntastefnu

Með erindisbréfi, dags. 27. febrúar 2017, skipaði borgarstjóri *Stýrihóp um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030* (fskj. 1). Hlutverk stýrihópsins var að bera ábyrgð á vinnu við mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Markmið vinnunnar var að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmiðin, brýnustu úrbæturnar og í kjölfarið aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skóla- og frístundasamfélaginu. Helstu verkefni hópsins voru að halda utan um, stýra og tryggja að eftirfarandi vinna færi fram;

Greining á stöðu menntamála í borginni; Mótun tillögu að framtíðarsýn og meginmarkmiðum í menntamálum borgarinnar til ársins 2030; Gerð tillögu að forgangsröðun aðgerða og aðgerðaráætlun um framkvæmd þeirra til þriggja ára; Skilgreining mælikvarða og eftirfylgni; Náð samstarf við verkefnastjórn, samráðsvettvang, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar.

Stýrihópurinn var skipaður eftirtöldum borgarfulltrúum:

- Skúli Helgason, fulltrúi Samfylkingar (formaður)
- S. Björn Blöndal, fulltrúi Bjartrar framtíðar
- Halldór Halldórsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks
- Halldór Auðar Svansson, fulltrúi Pírata
- Líf Magneudóttir, fulltrúi Vinstri grænna
- Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Jóna Björg Sætran var skipuð í stýrihópinn í stað Sveinbjargar 20. sept. 2017.

Hrönn Pétursdóttir starfaði sem verkefnastjóri stýrihópsins.

Í kjölfar kosninga vorið 2018 var endurskipað í stýrihópinn (fskj. 2) og var hann þá skipaður eftirtöldum borgarfulltrúum:

- Skúli Helgason, fulltrúi Samfylkingar (formaður)
- Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, fulltrúi Viðreisnar,
- Eyþór Laxdal Arnalds, fulltrúi Sjálfstæðisflokks
- Dóra Björt Guðjónsdóttir, fulltrúi Pírata
- Líf Magneudóttir, fulltrúi Vinstri grænna
- Kolbrún Baldursdóttir, fulltrúi Flokks fólksins
- Sanna Magdalena Mörtudóttir, fulltrúi Sósíalistaflokksins
- Vigdís Hauksdóttir, fulltrúi Miðflokksins

Til ráðgjafar og samstarfs við stýrihópinn var verkefnastjórn (fskj. 3) sem í átta sæti fulltrúar skóla- og frístundasviðs og formaður stýrihóps, sem undirbjó gagnaöflun og gagnavinnslu fyrir fundi stýrihóps. Einnig var starfræktur samráðsvettvangur undir forystu Dags B. Eggertssonar borgarstjóra.

Samráðsvettvangur við mótun menntastefnu var skipaður samkvæmt erindisbréfi borgarstjóra, dagsettu 27. feb. 2017 (fskj. 4), og endurskipað var í hann í kjölfar kosninga 2018 (fskj.5). Hlutverk samráðsvettvangsins var að bera ábyrgð á greiningu og mótun megináhersla við gerð menntastefnunnar og mótun sameiginlegrar aðgerðaáætlunar menntastefnu í samstarfi við stýrihóp. Samráðsvettvangurinn var skipaður fulltrúum skóla- og frístundaráðs, kjörnum fulltrúum og áheyrnarfulltrúum, innlendum og erlendum ráðgjöfum m.a. á sérfræðinga á sviði menntunar og kennslu auk fulltrúa hagsmunaaðila í skóla- og frístundastarfi.

Pasi Sahlberg, menntunarráðgjafi og prófessor við Harvard Graduate School of Education var leiðandi í teymi innlendra og erlendra ráðgjafa. Hann kom í nokkur skipti til Íslands á vinnutímabilinu og fundaði með stýrihópnum, samráðsvettvangnum og stjórnendum í skóla- og frístundastarfi.



Andy Hargreaves, menntunarráðgjafi og prófessor við Lynch School of Education, Boston College, tók sömuleiðis þátt í verkefninu sem ráðgjafi, fundaði með samráðsvettvangi og stjórnaði vinnustofu með stjórnendum í skóla- og frístundastarfi ásamt Pasi Sahlberg.

Vinnan við mótun menntastefnu til 2030 var kynnt á fundi í ráðhúsi Reykjavíkur 13. janúar 2017 af borgarstjóra og Pasi Sahlberg. Fundinn sátu fulltrúar stýrihóps, samráðsvettvangs og stjórnendur í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.



Í febrúar til apríl 2017 voru haldnir svokallaðir hugveitufundir þar sem lögð var fyrir lykilsurningin, *Hvaða hæfni þurfa börnin að búa yfir þegar þau útskrifast úr grunnskóla árið 2033*. Haldnir voru 11 fundir með um 450 þátttakendum, stjórnendum og starfsfólki úr skóla og frístundastarfi og frá þjónustumiðstöðvum auk barna og foreldra. Í maí til júní 2017 var víðtækt samráð við starfsfólk og íbúa þar sem

hæfniáherslum sem komu út úr hugveitufundunum var forgangsraðað. Haldnir voru fundir á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs þar sem alls 96 starfsstaðir tóku þátt.

Opnaður var samráðsvefur fyrir almenning um menntastefnu á Betri Reykjavík. Alls heimsóttu 5.800 manns samráðsvefinn. 56 nýjar hugmyndir voru sendar inn og skráð 204 rök með eða á móti hugmyndunum.

Áætlað er að allt að tíu þúsund manns hafi lagt hönd á plóginn við mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar. Niðurstaða hins víðtæka samráðs við börn, foreldra, starfsmenn og almenning var sú að á næstu árum þurfi að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi hæfnipætti sem undirstöðu heildstæðrar menntunar barna og ungmenni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar:

- Félagsfærni
- Sjálfsefningu
- Læsi
- Sköpun
- Heilbrigði



Hvað finnst þér skipta mestu máli í menntastefnu Reykjavíkur til 2030? Þú getur tekið þátt í að móta stefnuna.

Á betrireykjavík.is getur þú forgangsraðað sjö áhersluatriðum


og sett fram tillögur að því sem þér finnst að eigi að leggja áherslu á við menntun barnanna okkar.



Sérstaka athygli vakti hve mikill samhljómur var um þessar megináherslur á vettvangi hvort sem litið var á leikskóla, grunnskóla eða frístundastarfs borgarinnar.



Þá voru skýr skilaboð frá teymi ráðgjafa undir forystu Pasi Sahlberg að mikilvægt væri að hafa stefnuna skýra og einfalda, leggja áherslu á nokkur veigamikil atriði sem brýnast væri að færa til betri vegar, nota fjölbreyttar leiðir í framsetningu, byggja á styrkleikum og sérkennum íslensks samfélags og síðast en ekki síst tryggja breitt eignarhald stefnunnar með áherslu á að fá allt skóla- og frístundasamfélagið með í mótun stefnunnar og innleiðingu hennar.



Í september 2017 fundaði samráðsvettvangur stýrihóps með Pasi Sahlberg þar sem unnið var úr þeim gögnum sem mótuð höfðu verið á vettvangi á fyrri hluta ársins og lagðar línur fyrir nánari útfærslu stefnunnar og vinnu við mótun aðgerðaáætlunar. Í nóvember 2017 var fundað á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs um mótun aðgerðaáætlunar þar sem lykilspurningin var, *Hvernig þarf skóla- og frístundastarf að vera til að börn...*

- verði sterk félagslega (félagsfærni)?
- hafi sterka sjálfsmynd og trú á sjálfum sér (sjálfsefning)?
- verði læs og skilji samfélagið og umhverfi sitt (læsi)?
- beiti skapandi hugsun og sýni frumkvæði (sköpun)?
- stundi heilbrigðan lífsstíl og líði vel (heilbrigði)?



Í þessum fasa tóku þátt foreldrar, faghópar, stjórnendur auk barna á leik- og grunnskólaaldri. Einnig var opið fyrir þátttöku á samráðsvef um menntastefnu á Betri Reykjavík. Í lok árs 2017 og upphafi árs 2018 var unnið úr þeim gögnum sem búið var að afla.

Í febrúar var haldinn viðamikill fundur í Hörpu um forystu í skóla- og frístundastarfi á 20. öldinni með Pasi Sahlberg og Andy Hargreaves þangað sem mætti fjöldi manns úr skóla- og frístundastarfi og staðan var kynnt, rædd og fjallað um næstu skref. Einnig var árleg Öskudagsráðstefna fyrir grunnskólakennara í borginni, tileinkuð fimm megináherslupáttum nýrrar menntastefnu.



Í mars til maí 2018 var unnið úr ábendingum og að uppsetningu stefnunnar. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor í kennslufræði við Háskóla Íslands, vann með verkefnastjórn að greiningu gagna frá vettvangi og textasmíð menntastefnu.

Í lok apríl 2018 fundaði samráðsvettvangur borgarstjóra og stýrihópur og farið var yfir drög að menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Ákveðið var að fara með drög að stefnunni í umsagnarferli.

Drög að menntastefnu voru send starfsstöðum skóla- og frístundasviðs til umsagnar í byrjun júní 2018. Haldnir voru kynningarfundir fyrir starfsfólks sviðsins, opnir fundir og fundir á vinnustöðum. Frestur til að skila inn umsögn var til 15. september 2018. Ýmsar góða athugasemdir bárust og var tekið tillit til margra þeirra við lokafrágang stefnunnar.

Í byrjun september voru haldnir vinnufundir með Pasi Sahlberg, innlendum menntasérfræðingum og sérfræðingum Capacent í stefnumörkun. Unnið var úr innsendum umsögnum seinni hluta september. Í lok september var fundað með sérfræðingum Capacent þar sem að stefnutextinn var felldur að sniðmáti borgarinnar um stefnur auk þess sem leitað var til ýmissa sérfróðra aðila vegna orðalags og hugtakanotkunar.

Stýrihópur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 fjallaði um drög að menntastefnu á fundi 17. október 2018 og samþykkti að leggja þau fyrir fund samráðsvettvangs. Samráðsvettvangur undir stjórn borgarstjóra fjallaði um drög að menntastefnu á fundi 30. október 2018 og komu þar fram lokaathugasemdir við stefnudrögin sem unnið var úr fyrir framlagningu stefnunnar í borgarráði. Bréf borgarstjóra varðandi tillögu að menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 (fskj. 6) var lagt fram í borgarráði 8. nóvember 2018 og samþykkt og vísað til borgarstjórnar. Ný menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 var síðan samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 20. nóvember 2018 en sá dagur er afmælisdagur Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Menntastefnuna má nálgast í PDF útgáfu á vef Reykjavíkurborgar á [íslensku](#) og á [ensku](#).

Framtíðarsýn

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Tilgangur og áskoranir

Tilgangur stefnu- mótunarinnar er að ná víðtækri samstöðu um framtíðaráherslur í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík og skerpa forgangsroðun mikilvægustu umbótaverkefna.

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta upp- eldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Menntastefna Reykjavíkurborgar er mótuð í samstarfi þúsunda borgarbúa; með aðkomu barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, foreldra, starfsfólks skóla- og frístundasviðs, kjörinna fulltrúa, innlendra og erlendra ráðgjafa og almennings.

Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Stefnan hverfist um börnin, þarfir þeirra og

velferð í nútíð og framtíð en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.

Það er mikilvægt verkefni að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika. Á sama tíma þarf menntun að auka grundvallarþekkingu barna á samfélagi og náttúru og taka mið af niðurstöðum innlendra og erlendra rannsókna á gæðum menntunar.

Leiðarljós - barnið sem virkur þátttakandi

Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Ríkur samhljómur er með mennta- stefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og nógildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.



Uppeldi og menntun barna og unglunga er samfélagslegt verkefni og á sér stað bæði með formlegum og óformlegum hætti.

Með því að byggja á menningararfi samfélagsins og árangri á margvíslegum sviðum vísinda, fræða, lista, íþróttar, jafnréttis og forvarna er skapaður frjór jarðvegur fyrir framúrskarandi menntun í skóla- og frístundastarfi. Þar eru virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi mikilvæg leiðarljós. Veita þarf börnum viðeigandi stuðning og byggja á styrkleikum þeirra og bakgrunni svo að þau geti haft áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi. Stafræn tækni er nýtt í skóla- og frístundastarfi til að auðga menntun og veita börnum fjölbreytt tækifæri til sköpunar og tjáningar. Menntastefnan myndar umgjörð um menntun sem byggir á farsælu skóla- og frístundastarfi í borginni en tekur um leið framtíðinni opnum örmum og veitir nýrri tækni, þekkingu, hugmyndum og fjölbreytileika farveg.

Leiðarljós - Fagmennska og samstarf í öndvegi

Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar fram- sakið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmennningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum. Í þessu samhengi skiptir miklu að virkja áhuga og ástríðu allra barna og unglunga en það hefur bein áhrif á árangur þeirra. Til þess að það takist þarf að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Tryggja þarf að húsnaði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.



Fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi eru mikilvægir samstarfs- aðilar þeirra sem þar starfa og deila með þeim ábyrgð á menntun og uppleddi.

Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra og vinnur að þróun leiða sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila í samfélaginu stuðlar að þróun menntunar.

Meginmarkmið

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.



Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börnin lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl. Menntastefnan byggir á fimm grundvallarþáttum: *félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði*.

Félagsfærni - Samfélagsleg ábyrgð og virkni

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.



Sjálfsefning - Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu

Sjálfsefning felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsefning byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.



Læsi - Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákni. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.



Sköpun - Skapandi hugur og hönd

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið.



Heilbrigði - Heilbrigði, lífstíll og vellíðan


Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.



Innleiðing menntastefnunnar

Í samráðsferli menntastefnunnar safnaðist mikið magn gagna sem sem nýtist við innleiðingu og framkvæmd stefnunnar. Við innleiðingu þarf Reykjavíkurborg að stilla saman strengi og krafta á öllum stigum og öllum þeim sviðum borgarinnar sem koma að skóla- og frístundastarfi. Mikilvægt er að setja niður framkvæmdaáætlun fyrir miðlægar almennar aðgerðir og tryggja fjármögnun þeirra. Einnig þarf að tryggja stuðning til starfsstaða bæði vegna sérstakra verkefna í formi fjármögnunar en einnig með aukinni ráðgjöf, starfsþróun og leiðsögn. Þá er mikilvægt að hver og einn starfsstaður á skóla- og frístundasviði skoði með hvaða hætti unnið verður að innleiðingu menntastefnunnar og hvernig best er að forgangsraða verkefnum í hennar þágu. Mikilvægt er að innleiðing sé skipulögð í nánu samstarfi við stjórnendur og starfsfólk leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og skólahljómsveita. Myndin hér fyrir neðan sýnir samhengi stefnuþátta menntastefnunnar en hægt er að líta svo á að við samþykkt menntastefnunnar í nóvember hafi verið settur endapunktur á vinnuna við þann hluta verkefnisins sem kalla má „fyrirheit“ og framkvæmd innleiðingar verið hafin .

Samhengi stefnuþátta menntastefnu



Almennar aðgerðir

Rík áhersla lögð á að fagfólk á vettvangi í skóla- og frístundastarfi útfæri stefnuna miðað við aðstæður á hverjum stað í náinni samvinnu sín á milli, í samstarfi við aðra fagaðila og síðast en síst með virkri þátttöku barna og unglunga. Á næstu þremur árum mun Reykjavíkurborg veita nauðsynlegan stuðning í formi almennra aðgerða til að fylgja menntastefnunni eftir og ná markmiðum hennar. Að þessu tímabili loknu verður mat lagt á hvernig til hefur tekist og gerðar nauðsynlegar endurbætur í ljósi reynslunnar

Eftirfarandi þættir voru samþykktir sem almennar aðgerðir á fyrstu þremur árum innleiðingarferilsins:

- Leggja aukna áherslu á málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna óháð móðurmáli.
- Einfalda allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir og draga úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.
- Auka vægi náttúrugreina, stærðfræði, útináms og sköpunar.
- Tryggja börnum jafnari tækifæri og aðgang að fjölbreyttu list- og verknámi í skóla- og frístundastarfi.
- Bæta aðstöðu til skóla- og frístundastarfs, þannig að húsnaði og búnaður auðveldi starfsfólki að vinna að framgangi menntastefnunnar.
- Innleiða heildstæða nýtingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi.
- Fjölga fagmenntuðu starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundaþjónustu og efla faglegt samstarf þeirra.
- Veita starfsfólki skóla- og frístundasviðs rík tækifæri til starfsþróunar og tryggja því markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi.
- Stofna þróunarsjóð til að styðja við nýsköpun á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs og veita starfsstöðum ráðgjöf um umsóknir í þróunarsjóði innlenda og erlenda.
- Setja á fót Nýsköpunarmiðju menntamála sem styður við innleiðingu stefnunnar á öllum starfsstöðvum með sérstakri áherslu á starfsþróun og kennslufræðilega ráðgjöf.

Til að fylgja eftir stöðu mála við innleiðingu almennra aðgerða til fyrstu þriggja ára hefur verið sett upp tímasett aðgerðaráætlun en það skjal er í mótun. Segja má að sú aðgerðaráætlun sé hryggjarstykkið í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs enda er litið svo á að unnið sé að innleiðingu menntastefnunnar í öllu starfi sviðsins. Sjá stöðuna á aðgerðaráætluninni í maí 2019 (fskj. 7).

Þær aðgerðir sem þegar eru komnar til framkvæmda eru:

- Nýjar reglur um þróunar- og nýsköpunarsjóðinn „Látum draumana rætast“ voru samþykktar í Borgarráði í febrúar
- Sett hefur verið á fót Nýsköpunarmiðja menntamála sem veitir starfsstöðum stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar og útfærslu á einstökum áhersluþáttum hennar í samvinnu við stofnanir innan sem utan borgarinnar.
 - Skrifað hefur verið undir gagnvirkan samstarfssamning við Menntavísindasvið HÍ sem felur í sér símenntun, starfsþróun og faglega leiðsögn af hálfu MVS um leið og starfsemi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar verður gerð sýnilegri í starfi sviðsins
 - Ráðinn hefur verið verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja sem styður starfsstaði við að vinna að styrkjaumsóknum
- Ein mikilvægasta aðgerðin til að tryggja breitt eignarhald stefnunnar og móta jarðveg til að fagfólk á vettvangi í skóla- og frístundastarfi útfæri hana miðað við aðstæður á hverjum stað er sú ákvörðun borgarráðs að auka fjármagn í þróunarsjóð úr 20 milljónum árlega í 200 milljónir. Við mótun nýrra reglna og umgjarðar fyrir sjóðinn voru eftirfarandi þættir dregnir fram og hafðir til hliðsjónar. Nánar verður sagt frá þróunarsjóðnum hér á eftir: Styðja þróunarverkefni til a.m.k. 3 ára
- Verkefnin spretti upp frá grasrótinni en séu innan ramma menntastefnunnar
- Þróunarverkefni séu unnin í samstarfi og efli fagmennsku starfsfólks
- Verkefnin séu markmiða- og árangurstengd
- Þróunarverkefni skili raunverulegum breytingum sem séu greipt í menningu starfsstaðanna
- Þróunarverkefni stuðli að samstarfi á milli starfsstaða og þróun lærdómssamfélags í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur

Lögd er áhersla á að settir verði 2-4 lykilmælikvarðar við hvern grundvallarþátt menntastefnunnar félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði og eru þeir mælikvarðar í mótun

Innleiðingarteymi

Haustið 2018 var ráðinn deildarstjóri Nýsköpunarmiðju menntamála og samhliða var skipulag fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs endurskoðað.

[Nýsköpunarmiðju menntamála \(NýMið\)](#) er ætlað að styðja við innleiðingu menntastefnunnar í nánú samstarfi við aðrar deildir skrifstofu SFS. Fríða Bjarney Jónsdóttir var ráðin deildarstjóri en í kjölfarið var henni falið að halda utan um innleiðinguna og setja á fót innleiðingarteymi. Teymið skipa eftirfarandi aðilar af starfseiningum skrifstofu SFS:



- Fríða Bjarney Jónsdóttir, Nýsköpunarmiðju menntamála
- Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, skrifstofu sviðsstjóra
- Guðrún Hjartardóttir, skrifstofu sviðsstjóra
- Arnar Ævarsson, grunnskólahluta fagskrifstofu
- Ásdís Olga Sigurðardóttir, leikskólahluta fagskrifstofu
- Sigrún Sveinbjörnsdóttir, frístundahluta fagskrifstofu
- Guðmundur Guðbjörnsson, fjármála- og rekstrarþjónustu
- Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsþjónustu (fyrstu 2 mán. en síðan komu eftirtaldir inn)
- Jóhanna H. Marteinsdóttir, mannauðsþjónustu
- Guðný Reynisdóttir, mannauðsþjónustu
- Dröfn Rafnsdóttir, Miðju máls og læsis

Verkfæri og hugmyndafræði við innleiðinguna

Innleiðingarferlið hófst formlega í lok desember 2018. Innleiðingarteymið lagði strax áherslu á að skipuleggja markvisst innleiðingarferli næstu 6 mánuðina og hafa það sýnilegt.

Stuðningur og ráðgjöf/Stuðningur við starfsstaði v. innleiðingar Menntastefnu: Nýsköpunarmiðja menntamála, sem sett var sett á stofn samhliða samþykkt menntastefnunnar, veiti starfsstöðvum stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar og útfærslu á einstökum áhersluþáttum hennar í viðtækri samvinnu við stofnanir innan sem utan borgarinnar. Áherslur verður lögd á starfsþróun og kennslufræðilega ráðgjöf.					
Ábyrgðaraðili: FBJ og RES					
Verkþáttur	Áætlað upphaf vinnu	Áætlað lok vinnu	Staða verkefnis	Fjárhagsáætlun	Ábyrgðaraðili verkþátta
Innleiðingarhópur: Handbækur (gátlistar, mælikvarðar, verkfærakistur, veggspjöld)	mars/apríl fyrstu drög		V		FBJ
Innleiðingarhópur: Samskiptastefna (fundir deilda á skrifstofu, stjórnendafundir, hverfisfundir, kynningar á vettvangi)	janúar		V		FBJ
Innleiðingarhópur: Tímalínur (fylgja eftir framkvæmd verkefna)	janúar		V		FBJ
Gátlistahópur: Gátlisti (þar sem nýttar verða viðmið og visbendingar og niðurstöður funda á starfsstöðum um menntastefnu í mótun https://reykjavik.is/menntastefna-bil-2030)	mars/apríl fyrstu drög		V		FBJ
Grundvallarþáttahópur: Verkfærakistur með hugmyndum að verkefnum sem tengjast grundvallarþáttunum	mars/apríl fyrstu drög		V		FBJ
Vinnuhópur um rafrænt umhverfi handbóka?	hefst í febrúar		V		FBJ og RES



Í þessu skyni var útbúið aðgerðaráætlun og tímalína, bæði í excel skjali en einnig á stórrí töflu sem er öllum sýnileg á skrifstofu sviðsins.



Á bakhlið töflunnar er svokölluð Kanban uppsetning, verkefnaflóttur, verkfæri sem hefur töluvert verið notuð af þeim sem styðjast við hugmyndafræði straumlínustjórnuna (e. lean).

Með þessu eru hægt að fylgjast með framgangi innleiðingarinnar, þ.e. hvað er næst inn, hvaða verkefni eru í vinnslu, hvaða verkefni lenda í bið eða mæta hindrunum og hverju er lokið.

Innleiðingarteymið hefur tekið mið af ýmsum kenningum og notið leiðsagnar frá fræðasamfélaginu og sérfræðingum á sviði menntunar, meðal annars frá Önnur Kristínu Sigurðardóttur prófessors við Háskóla Íslands, Ingvari Sigurgeirssyni menntunarfræðingi, finnska menntunarfræðingsins Pasi Sahlberg sem m.a. ritaði bókina *Finnska leiðin*, sem þýdd hefur verið á íslensku, Michael Fullan og Andy Hargreaves. Þá var leitað til kanadíska menntunarfræðingsins Jean Claude Couture sem um langt árabil hefur unnið að endurbótum menntakerfisins í Alberta Kanada en hann veitti góð ráð varðandi mótun þróunar- og nýsköpunarsjóðs.

Í vinnu við innleiðinguna hefur innleiðingarteymið haft hugmyndir fræðimannsins John Kotter í forgrunni en um þær fjallar hann m.a. í bók sinni *Leading Change* frá árinu 2012 um leiðtogann sem er leiðandi í breytingaferlinu og lærdóminn sem má öðlast í ferlinu, sjá mynd hér til hliðar og lauslega þýðingu á ferlinu.



Á fyrstu mánuðum innleiðingarinnar hefur sjónum verið beint sérstaklega að því að kynna stefnuna vel fyrir vettvangi, skapa sameiginlega sýn, fjölga þeim sem eru talsmenn stefnunnar eða „ambassadorar“ auk þess sem byrjað er að fjarlægja hindranir og fagna smásigrum s.s. með undirritun samnings við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og úthlutunum úr þróunar- og nýsköpunarsjóði.

Í desember 2018 var haldinn fundur með framkvæmdastjórnar, innleiðingarteymi menntastefnu og fulltrúum skóla- og frístundaráðs með Jean Claude Couture sérfræðingi um menntamál frá Alberta, Kanada.

Á fundinum sagði Jean Claude stuttlega frá þróun menntakerfisins í Alberta og að því loknu var sjónum beint að því hvernig skrifstofa skóla- og frístundasviðs gæti unnið að því að:

- skipuleggja stuðning við starfsstaði vegna innleiðingar menntastefnu,
- útfæra þróunarsjóð vegna þróunar og nýsköpunar í menntamálum borgarinnar
- stuðla að samstarfi á milli kennara, starfsfólks, starfsstaða og annara stofnana sem hafa með menntun barna í borginni að gera
- þróa símenntun og starfsþróun
- skipuleggja innleiðingu og eftirfylgni vegna menntastefnu

Innleiðingarteymið ákvað að kynna sér reynslu annarra stofnana af innleiðingu nýrrar framtíðarstefnu. Í þessu skyni var leitað til Steinunnar Gestsdóttur í Háskóla Íslands en hún og Andrea Dofradóttir mættu á fund hópsins og sögðu frá innleiðingu stefnu HÍ 2016-2021. Þeirra reynsla var afar gagnleg og leiðbeinandi við skipulag innleiðingarinnar. Einnig fór hópurinn í lærdómsríka heimsókn á RÚV en þar var ný stefna innleidd fyrir nokkrum misserum. Þar fékk hópurinn greinargóða kynningu hjá Magnúsi Geir Þórðarsyni útvarpsstjóra og nokkrar áhugaverðar hugmyndir að leiðum við innleiðinguna.

Kynningarfundir á vorönn 2019

Í upphafi innleiðingar var byrjað á því að halda kynningarfundi með öllu starfsfólki skrifstofu SFS sem lið í því ferli að byggja upp leiðandi samstarfshóp og skapa sameiginlegan skilning á hlutverki skrifstofunnar í stuðningi við starfsstaði. Í kjölfarið setti innleiðingarteymið upp kynningaráætlun út frá hugmyndum Kotter þar sem byrjað var á að skapa samtal við stjórnendur og í kjölfarið stækka hringinn með því að ná fleirum inn í samtalið. Innleiðingarhópurinn vann í sameiningu að því að setja niður fyrstu aðgerðirnar og skipuleggja fundi með stjórnendum og starfsfólki SFS.

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 kom formlega út í prentuðu formi 5. febrúar 2019 en allar upplýsingar eru aðgengilegar á [vef Reykjavíkurborgar](#). Til að hefja formlega innleiðingu stefnunnar var blásið til viðburðar í Borgarleikhúsinu þann 6. febrúar fyrir alla stjórnendur í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þar leit stefnan í núverandi mynd fyrst dagsins ljós. Yfirskrift viðburðarins var „Látum draumana rætast – hefjumst



handa“. Markmiðið var að ná öllum stjórnendum saman, leggja línurnar og skapa jákvæðan samstarfsanda um nýja menntastefnu á næstu misserum. Viðburðurinn var tekinn upp og hefur upptökunni verið dreift á alla starfsstaði skóla- og frístundasviðs. Hægt er að nálgast upptökuna á Vimeo.

Dagskrá viðburðarins hófst á að vinningshafar Skrekks haustið 2018 úr Árbæjarskóla sýndu atriðið sitt, þá tók borgarstjóri við keflinu og sagði frá draumum sínum um stefnuna, Orri Elíassen og nemendur úr Laugalækjarskóla ræddu sína sýn á stefnuna við þá Skúla Helgason og Helga Grímsson og Fríða Bjarney Jónsdóttir deildarstýra NýMið fjallaði um hlutverk leiðtogans í breytingum, þróun og nýbreytnistarfi. Soffía Vagnsdóttir var kynnir og var það mat stjórnenda almennt að mjög vel hefði tekist til við að blása byr í seglin og hefja vegferð innleiðingarinnar

Innleiðingarteymið hafði tekið ákvörðun um að í framhaldi viðburðarins yrði umræðunni fylgt eftir með hverfafundum í öllum borgarhlutum. Innleiðingarteymið stóð að skipulagningu fundanna og hélt utan um skipulag þeirra ásamt Helga Grímssyni sviðsstjóra og öðrum úr framkvæmdastjórn sviðsins. Öllum starfsstöðum var boðið að senda 2-3 fulltrúa á fundina auk þess sem fulltrúum frá skólateymum þjónustumiðstöðvanna var boðið. Á hverjum fundi voru um 50-80 manns og var hver fundur um 2 klst þar sem bæði var boðið upp á kynningar og samtal.

Hverfafundirnir voru 5 talsins og var dagskráin með neðangreindum hætti:

- Kynning á menntastefnunni
- Umræður í hópum þar sem notaður var hringur samfélagslegrar nýsköpunar (e. social innovation) og verkefnið var að ræða hvað þarf til að barn blómstri í skóla- og frístundastarfi og hvað getur hindrað það ferli. Þátttakendur settu sig í spor eins barns en þau voru: Inga 4 ára, Pawel 8 ára og Aron 15 ára.
- Þá var stutt kynning um mikilvægi þess að þróa námssamfélag, vinna saman innan og þvert á stofnanir og gildi þess að virkja börn, fjölskyldur, kennara og samfélagið í heild til þátttöku (með leiðarljósinu „There is no power greater than a community discovering what it cares about“ *Jean Claude Couture, presentation in Reykjavík December: 2018*).
- Næst voru umræður í hópum með hugmyndafræðinni "Einn, tveir, allir/saman" þar sem þátttakendur ræddu um það hvað þeir gætu gert til að auka eigin ástríðu og þátttöku í því að þróa skóla og frístundastarf í takti við menntastefnuna.
- Stutt kynning á þróunar- og nýsköpunarsjóðnum, fyrirkomulagi hans og framkvæmd.



Teknar voru myndir og stutt myndskaið á öllum fundunum. Myndefnið er aðgengilegt öllu starfsfólki borgarinnar á Workplace, en þar hefur verið stofnað sérstakt [svæði um menntastefnuna](#). Hér fyrir neðan eru nokkur orð og myndir frá hverfafundunum.

14. febrúar – Árbæjarskóli

Fyrsti fundurinn var haldinn í Árbæjarskóla og var hann ætlaður fulltrúum úr skóla- og frístundastarfi í Árbæ, Grafarholti, Norðlingaholti og Úlfarsárdal. Þó var fólki heimilt á skrá sig á fundi í öðrum hverfum ef tímasetningin á þeirra hverfisfundi hentaði ekki. Nokkuð var um að fólk kæmi á fundi í öðrum hverfum, en boðað hafði verið til fundanna í heild sinni með nokkuð stuttum fyrirvara. Kannski einmitt af þeim sökum var þessi fyrsti fundur fámennastur af fundunum fimm.



15. febrúar - Laugalækjarskóli

Mikið fjölmenni var á fundinum í Laugalækjarskóla fyrir Laugardal, Háaleiti og Bústaðahverfi. Fjörugar umræður voru við hvert borð og mikill áhugi fyrir menntastefnunni. Á öllum fundunum kynnti Helgi Grímsson sviðsstjóri helstu atriði menntastefnunnar og Fríða Bjarney Jónsdóttir deildarstjóri Nýmið kynnti Þróunar- og nýsköpunarsjóð. Aðilar úr innleiðingarteyminu skiptu með sér fundarstjórn á fundunum fimm.



19. febrúar - Tjörninn frístundamiðstöð

Mikið fjölmenni var á hverfafundinum í Frístundamiðstöðinni Tjörninni sem var haldinn fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum en á þann fund mætti töluverður fjöldi úr öðrum hverfum sem ekki hafði tök á að mæta á fundinn í sínu hverfi. Þetta koma þó ekki að sök því starfsfólk Tjarnarinnar gekk vasklega til verks við að útvega fleiri stóla og borð þannig að allir gætu tekið virkan þátt í umræðum um innleiðingu stefnunnar.



20. febrúar - Hólabrekkuskóli

Fjórði hverfafundurinn var haldinn í Hólabrekkuskóla fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi í Breiðholti. Góð mæting var að þennan fund og fjörugar umræður. Táknræn mynd á vegg skólans vakti athygli enda í góðum samhljómi við tóninn í nýrri menntastefnu þar sem hún sýnir tvö börn ryðja hindrun úr vegi með því opna dyr með nokkru átaki til að láta draumana rætast.



22. febrúar - Hlaðan Gufunesbæ

Fimmti og síðasti hverfafundurinn um menntastefnuna í Hlöðunni í Gufunesbæ. Fjörugar og gagnlegar umræður sköpuðust þar meðal áhugasams starfsfólks í skóla- og frístundastarfi í Grafarvogi um þarfir barna og unglinga í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi.

Að hverfafundum loknum

Tveggja vikna fundaröð um Menntastefnuna sem hófst á viðburðinum í Borgarleikhúsi lauk föstudaginn 22. febrúar með kynningarfundum fyrir samstarfsaðila SFS frá öðrum sviðum borgarinnar, félögum foreldra, sjálfstætt starfandi skólum, SAMFOK, framkvæmdastjórum þjónustumiðstöðva og fleirum. Þar var Menntastefnan kynnt og sagt frá tilurð hennar og fyrstu skrefum í innleiðingunni.

Upplýsingafundur fyrir samstarfsaðila


22. febrúar var haldinn upplýsingafundur fyrir ýmsa aðila sem eru í samstarfi við skóla- og frístundastarf borgarinnar. Á fundinn voru borgarfulltrúar boðaðir, fulltrúar frá öðrum sviðum og skrifstofum borgarinnar, aðilar frá félagasamtökum foreldra, frá sjálfstætt starfandi leikskólum og grunnskólum, fulltrúar frá tónlistarskólum o.s.frv. Fyrirhugað er að halda fleiri slíka fundi á haustönn 2019 fyrir ýmsa aðila sem ekki voru með á þessum fundi.



Þróunar- og nýsköpunarsjóður

Þann 21. febrúar 2019 samþykkti Borgarráð nýjar reglur fyrir nýjan sjóð „Látum draumana rætast“ þróunar- og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundaráðs. Mótun sjóðsins byggði m.a. á upplýsingum frá Alberta Kanada og stuðst var við handbók þaðan AISI Cycle. Borgarráð hafði ákveðið að leggja sjóðnum til 200 milljónir en ríkur vilji var fyrir því að stórum hluta þeirrar upphæðar yrði úthlutað til allra starfsstaða. Niðurstaðan var sú að mótaðar voru reglur um tvo sjóði, annarsvegar A-hluta en í honum eru 150 milljónir sem skiptast á milli allra starfsstaða útfrá reiknireglu sem tekur til starfsmannafjölda annarsvegar og barnafjölda hinsvegar. Þrátt fyrir þessa skiptingu var ákveðið að allir starfsstaðir þyrftu að sækja um til að fá fjármagn úthlutað í verkefni. Í B-hluta sjóðsins voru settar 50 milljónir og gátu starfsstaðir borgarinnar sótt um allt að 10 milljónum fyrir verkefni í samstarfi við aðra starfsstaði. Upplýsingar um sjóðinn voru sendar til stjórnenda í mars og var hægt að nálgast allar upplýsingar (forsendur, fyrirkomulag, umsóknareyðublað og leiðbeiningar) á [vef Reykjavíkurborgar](#).

Í A-hluta bárust alls 171 umsókn í þann hluta. Sjá nánar á myndum hér fyrir neðan og á [infogram.com](#)



Alls bárust 37 umsóknir í B-hluta. Lokið verður við yfirferð þeirra umsókna um mánaðarmótin maí/júni. Gerð er krafa um fjölbreytt samstarf og að verkefni tengist rannsóknum eða samstarfi við fræðimenn (helmingur sé með tengingu við fræðimenn)

Í reglum um þróunarsjóð segir m.a.:

Skóla- og frístundaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leik-, grunn- og frístundamála SFS og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málafllokki. Nefndin gerir tillögur til skóla- og frístundaráðs um hvaða verkefni fá styrk og um styrkuppþæð. Sjá reglur í heild sinni (fskj. 8).

Smíðjur, fundir og starfsdagar í skóla- og frístundastarfi

Menntastefnan var tekin fyrir á öllum stjórnendafundum á vorönn og einnig fóru fulltrúar fagskrifstofu og NýMið í heimsóknir inn á fjölmarga starfsstaði m.a. til að styðja við umsóknir í þróunarsjóð, kynna stefnuna og skapa samtal um innleiðinguna.

Mánaðlegir fundir eru haldnir með stjórendum skóla- og frístundastarfs ásamt deildarstjórum skóla- og frístundasviðs þar sem farið er yfir leiðir og verkefni sem varða innleiðingu og framkvæmd á menntastefnunni. Fengnir hafa verið fyrirlestrar og samráð verið haft við prófessora frá Háskóla Íslands um hvernig best sé að vinna að innleiðingu og verkefnum tengdum menntastefnunni.



Fjöldmargir starfsstaðir hafa verið heimsóttir, leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöðvar þar sem rætt er um og boðið upp á stuðning við innleiðingu stefnunnar og leiðbeiningar vegna nýrra verkefna sem tengjast menntastefnunni. Fylgst er með fjölda heimsókna og þær settar á upplýsingatöflu um innleiðingu menntastefnunnar á skrifstofu SFS.

Þá hafa margir starfsstaðir verið með starfsdaga og smiðjur tengd menntastefnunni. Greinlegt er að almennur áhugi ríkir um stefnuna og þau tækifæri sem hún skapar til eflingar á starfinu.

Á grundvelli hugmyndafræði menntastefnunnar um fagmennsku, samstarf og þróun lærdómssamfélags hefur starfsfólk Miðju máls og læsis þróað lærdómssamfélag um mál og læsi yngstu leikskólabarnanna með þátttöku leikskólakennara sem miðla af eigin reynslu og þekkingu. Hópur starfsfólks leikskóla hittist í Grafarvogi þann 13. mars 2019 og sagði frá frábærum verkefnum um þjóðsögur, ævintýri, brúðugerð og flæðilestur í leikskólastarfi. Þetta framtak hjá MML er í anda menntastefnunnar. Fleiri hópar eru að fara af stað í öðrum hverfum.



Miðja máls og læsis er um þessar mundir að þróa lærdómssamfélag um mál og læsi yngstu leikskólabarnanna með þátttöku leikskólakennara sem miðla af eigin reynslu og þekkingu. Fékk að vera fluga á vegg í gær þegar hópur hittist í Grafarvogi og sagði frá frábærum verkefnum um þjóðsögur, ævintýri, brúðugerð og flæðilestur. Frábært framtak hjá MML í anda Menntastefnu. Fleiri hópar að fara af stað í öðrum hverfum.



Samstarf við Háskóla Íslands

Skóla- og frístundasvið og Menntavísindasvið Háskóla Íslands hafa gert með sér tvíhliða samning sem felur í sér að skóla- og frístundasvið greiðir fyrir skipulag og utanumhald sértækra námskeiða og ráðgjöf og leiðsögn frá MVS til starfsstaða og. MVS hýsir viðburði og kynnir starfsemi SFS á sviðinu. Má þar nefna viðburði þar sem menntastefnan og áhugaverðar rannsóknarhugmyndir fyrir meistaranema eru kynntar. Einnig viðburði þar sem nýsköpun og þróun í skóla- og frístundastarfi eru kynnt. Menntakvika verður sérstaklega kynnt til að koma á framfæri samstarfsverkefnum á milli menntavísindasviðs og SFS. Þá er fyrirhugað að gera hugmyndabanka um áhugaverðar rannsóknir í skóla- og frístundastarfi. Samstarfið gengur einnig út á að efla tengsl háskólasamfélagsins og starfsemi skóla- og frístundastarfs á vettvangi. Hófst þetta með samstarfi Húsaskóla, Myndlistarskólans, Barnamenningarhátiðar, skóla- og frístundasviðs og Menntavísindasviðs HÍ þar sem níu ára nemendur settu upp listsýningu í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Sagt var frá þessum skemmtilega viðburði í [fréttatíma Stöðvar 2](#).

Vorblót

Samstarfið hófst með því að skóla- og frístundasvið og Menntavísindasvið HÍ stóðu saman að Vorblóti 13. maí 2019 í húsakynnum Menntavísindasviðs þar sem voru fjölbreyttar kynningar á ýmsu áhugaverðu fyrir nemendur.



Starfsfólk NýMið kom að skipulagi og kynningum á vorblótinu með ýmsum hætti s.s. með kynningu á Barnasáttmálanum, kynfræðslu og nýjum og spennandi verkfærum til notkunar í upplýsingatækni.



Samstarfssamningurum samstarf Menntavísindasviðs og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsþróun og nýsköpun í menntun var undirritaður á Vorblótinu.

Meginmarkmið með samstarfinu er að byggja upp lærdómssamfélag, samstarf, teymishugsun og hringferli stöðugra umbóta og þróunar. Af hálfu Háskóla Íslands annast Menntavísindastofnun (MVSt) og Menntavísindasvið (MVS) Háskóla Íslands



framkvæmd og umsjón samningsins. Tilgangur og markmið samningsins er að efla samstarf milli skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS) og Menntavísindastofnunar um starfsþróun starfsfólks SFS í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi. Markhópur samningsins er starfsfólk SFS en sérstök áhersla er á starfsfólk, sem lokið hefur stúdentsprófi og/eða grunn eða framhaldnámi í háskóla, í gegnum einingabær námskeið. Samstarfið felst í samvinnu um námskeiðshald, leiðsögn, ráðgjöf og rannsóknir með og í samvinnu við framangreinda hópa. Starfið grundvallast á Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Sjá samstarfssamninginn í heild sinni á [fundagerðavef Reykjavíkurborgar](#).

Námskeið

Fyrstu námskeiðin, skipulögð af Menntavísindasviði HÍ, í tengslum við innleiðingu menntastefnunnar voru haldin í maí 2019.

- 2. maí – Hlutverk stjórnenda í innleiðingu menntastefnu (fskj. 10)
- 17. maí – Hlutverk stjórnenda í innleiðingu menntastefnu
- 28. maí - Sjálfsefning og félagsfærni (fskj. 11)

Fyrirhugað er að halda fjölda námskeið í framtíðinni og er skipulag námskeiða á starfsárinu 2019-2020 hafið.

Barnamenningarhátíð – Draumar geta ræst

Hin árlega Barnamenningarhátíð var haldin í aprílmánuði en hún er samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs. Yfirskrift lags hátíðarinnar „Draumar geta ræst“ er með beina skírskotun í yfirskrift menntastefnunnar „Látum draumana rætast“. Grunnurinn að laginu er verkefni þar sem allir nemendur í 4. bekk í grunnskólum Reykjavíkur fengu unga leikara í heimsókn þar sem þeir fylgdust með stuttum leikþætti byggðum á menntastefnunni. Leikþátturinn var umþað hvernig við látum drauma okkar rætast og hvað við þurfum að gera til að þeir geti ræst. Eftir að hafa séð leikþáttinn var farið í umræður og voru þrjár spurningar lagðar fram til grundvallar:

- Hverjir eru mínir draumar?
- Hverjir eru draumar mínir fyrir aðra?
- Hverjir eru mínir draumar fyrir heiminn?

Draumar barnanna voru svo skrifaðir niður og sendir til lagasmiðsins Jóns Jónssonar og textasmiðsins Braga Valdimars Skúlasonar sem fengnir voru til samstarfs við


Barnamenningarhátíð um að semja lag og texta í tilefni hátíðarinnar í tengslum við menntastefnuna. Lagið „[Draumar geta ræst](#)“ fjallar um þannig um drauma barnanna í borginni og

var það frumflutt við setningu Barnamenningarhátíðar í Eldborg í Hörpu 9. apríl 2019 en öllum nemendum (um 1400 talsins) í 4. bekkjum grunnskóla Reykjavíkur ásamt kennurum var boðið á opnunarviðburðinn. Þess má geta að lagið hefur ná víðtækum vinsældum í samfélaginu og var það t.d. komið í 8. sæti á vinsældarlista Rásar 2 í lok apríl.




Upplýsinga- og vefmál

Upplýsingasvæði um menntastefnuna er að finna á [vef Reykjavíkurborgar](#) en unnið er að gerð sérstakrar vefsíðu um menntastefnuna þar sem hægt verður að nálgast stefnuna sjálfa og allt mögulegt henni tengt, gátlista, verkfærakistur, leiðbeiningar og upplýsingar um námskeið og samstarfshugmyndir og marg fleira. Unnið er að gerð síðunnar í góðu samstarfi við vefteymi Reykjavíkurborgar og var haldin sérstök vinnusmiðja á vorönn 2019 með teyminu. Áætlað er að ljúka við gerð menntastefnu-vefsíðu á haustönn 2019.



Menntastefnan er með sérstakt svæði á Workplace [Menntastefna Reykjavíkurborgar – Látum draumana rætast](#) og hefur starfsfólk skóla- og frístundasviðs verið hvatt til að gerast meðlimir til að fylgjast með framvindu mála. Á síðunni er að finna myndir frá öllum hverfafundunum og margt fleira sem tengist innleiðingarferlinu. Hafa starfsstaðir m.a. sett ýmislegt þarna inn um það sem þeir hafa verið að gera.



Stórri upplýsingatöflu innleiðingarteymisins var komið fyrir á skrifstofu sviðsins sem sýnir stöðu innleiðingarferlisins á tímaási og þar hafa verið settar inn upplýsingar jafnt og þétt um innleiðinguna. Á hinna hliðinni er kanban-tafla sem sýnir stöðu verkefna, hvað er næst inn, hvað er í vinnslu, hvað er í bið/hindrun og hverju er lokið. Innleiðingarteymið fundar reglulega og hafa fundirnir verið auglýstir á upplýsingatöflu og er þeim sem vilja frjálst að mæta á fundi teymisins og leggja sitt af mörkum.

Starfshópar unnu að gerð gátlista fyrir starfsstaði og þeir tilbúna og farnir til starfsstaða sem tóku þeim fagnandi. Framsetning gátlistanna í rafrænu formi er í undirbúningi í samstarfi við Embætti landlæknis – heilsuefandi samfélag. Starfshópar á fagskrifstofu hafa unnið við gerð verkfærakista með hugmyndum og mælikvörðum fyrir hvern og einn grundvallarþátt og hafa þeir að mestu lokið störfum. Í verkfærakistunum verður hægt að nálgast fjölda hugmynda að verkefnum ásamt leiðbeiningum um hvernig hægt er að nýta tölulegar upplýsingar og önnur gögn til að mæla framfarir. Framsetning og þessa efnis er í þróun og hangir saman við gerð vefsíðu fyrir menntastefnuna

Í apríl var útbúinn pakk með leiðbeiningum um undirskrift í tölvupósta þar sem hægt er að setja inn lógó tengt menntastefnunni. Getur hver og einn starfsmaður valið sér menntastefnu-lógó til að hafa með í sjálfvirkri undirskrift í tölvupósti sínum. Einnig verður lögð áhersla á að vekja athygli á menntastefnunni í efni og auglýsingum frá skóla- og frístundasviði.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Verkefnastjóri í upplýsingatækni - Nýsköpunarmiðja

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf verkefnastjóra í upplýsingatækni í Nýsköpunarmiðju menntamála en um er að ræða tímabundið starf til þriggja ára. Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og annast m.a. rektur 36 grunnskóla, 62 leikskóla, 5 frístundamiðstöðva, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur og skólahljómsveita.

Starfið felst í að styðja við innleiðingu nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ og fylgja eftir áherslum í stefnu um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi. Verkefnastjórinn veitir tækni- og kennslufræðilega ráðgjöf og fræðslu til stjórnmenda og starfsfólks um notkun upplýsingatækni, stuðlar að samstarfi milli aðila og styður við þróun og nýsköpun. Næsti yfirmaður er deildarstjóri Nýsköpunarmiðju menntamála á skóla- og frístundasviði.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Styðja við markvissa, fjölbreytta og ábyrga notkun upplýsingatækni í anda menntastefnu Reykjavíkur.
- Taka þátt í samstarfi við upplýsingatæknideild og önnur svið borgarinnar um notkun tækni í skóla- og frístundastarfi.
- Veita þjónustu, ráðgjöf og fræðslu til stjórnmenda og starfsfólks um notkun upplýsingatækni.
- Styðja við þróun náms-, kennslu- og starfshátta með notkun nýrrar tækni.
- Styðja við frumkvöðlastar og nýsköpun.
- Stuðla að markvissu samstarfi innan sem utan borgarinnar um notkun upplýsingatækni og miðlun góðra fyrirmynda.

Hæfniskröfur

- Menntun á sviði uppeldis-, tímunda- og leika kennslufræða.
- Framhaldsmenntun sem nýttist í starfi s.s. upplýsingatækni og kennsluráðgjöf.
- Reyksla af þróun og innleiðingu ÚT í skólastarfi.
- Reyksla af fjölbreyttri notkun ÚT í skóla- og leika frístundastarfi.
- Fjölbreytt starfsreynsla í skóla- og frístundastarfi.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku.
- Góð enskukunnátt.
- Jákvaðni og áhugi á að vinna í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Vilji og frumkvæði til að leita nýrra framsækna leika í skóla- og frístundastarfi.

Úmsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og rökstæðingur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Ráðið verður í starfið frá 1. ágúst nk. eða eftir samkomulagi og er úmsóknarfrestur til og með 11. júní nk.

Laun er samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Friða Bjarney Jónsdóttir í síma 4111111 og tölvupósti frida.b.jonsdottir@reykjavik.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borjinn er.

Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósin eru virkni og þjáttaka barna, aukði samstarf og fagmennska.

Framhald innleiðingar 2019-2020

Innleiðingarteymi menntastefnunnar hefur nú þegar hafið undirbúning að framhaldi innleiðingar á starfsárinu 2019-2020. Þá verðu megináhersla lögð á námskeið og kynningarfundi, gerð kynningarefnis fyrir starfsfólk á vettvangi, foreldra og börn.

Stefnt er að því að kynningarefni verði með ýmsu sniði, s.s. í formi myndbanda, prentaðs efnis, efnis á vef og samskiptamiðlum og kynningarfunda eða annarra viðburða.

Fylgiskjöl



Reykjavíkurborg

R17010123

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Stýrihópurinn ber ábyrgð á vinnu við mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Markmið vinnunnar er að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brýnustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.

Helstu verkefni:

Halda utan um, stýra og tryggja að eftirfarandi vinna eigi sér stað:

- Greining á stöðu menntamála í borginni.
- Mótun tillögu að framtíðarsýn og meginmarkmiðum í menntamálum borgarinnar til ársins 2030.
- Gerð tillögu að forgangsörðun aðgerða og aðgerðaráætlun um framkvæmd þeirra til þriggja ára.
- Náð samstarf við verkefnastjórn, samráðsvettvang, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar.

Stýrihópurinn skipa:

Skúli Helgason, fulltrúi Samfylkingar (formaður)

S. Björn Blöndal, fulltrúi Bjartrar framtíðar

Halldór Halldórsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks

Halldór Auðar Svansson, fulltrúi Pírata

Lif Magneudóttir, fulltrúi Vinstri grænna

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina

Verkefnastjóri:

Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri.

Til ráðgjafar og samstarfs:

- Verkefnastjórn sem í eiga sæti fulltrúar skóla- og frístundasviðs og teymi innlendra og erlendra ráðgjafa undir forystu Pasi Sahlberg.
- Samráðsvettvangur skipaður fulltrúum skóla- og frístundaráðs, kjörnum fulltrúum og áheyrnarfulltrúum, undir forystu Dags B. Eggertssonar borgarstjóra.
- Hagsmunaaðilar í skóla- og frístundastarfi.

Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni lokaskýrslu eigi síðar en 15. nóvember 2017

Reykjavík, 27. febrúar 2017

Dagur B. Eggertsson

R17010123

ERINDISBRÉF**Stýrihópur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030****Ábyrgðarmaður:**

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Stýrihópurinn ber ábyrgð á vinnu við mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Markmið vinnunnar er að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brýnustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.

Helstu verkefni:

Halda utan um, stýra og tryggja að eftirfarandi vinna eigi sér stað:

- Greining á stöðu menntamála í borginni.
- Mótun tillögu að framtíðarsýn og meginmarkmiðum í menntamálum borgarinnar til ársins 2030.
- Gerð tillögu að forgangsörðun aðgerða og aðgerðaráætlun um framkvæmd þeirra til þriggja ára.
- Náð samstarf við verkefnastjórn, samráðsvettvang, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar.

Stýrihópurinn skipa:

Skúli Helgason, fulltrúi Samfylkingar (formaður)
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, fulltrúi Viðreisnar
Eyþór Laxdal Arndals, fulltrúi Sjálfstæðisflokks
Dóra Björt Guðjónsdóttir, fulltrúi Pírata
Líf Magneudóttir, fulltrúi Vinstri grænna
Kolbrún Baldursdóttir, fulltrúi Flokks Fólksins
Sanna Magdalena Sönnudóttir, fulltrúi Sósíalístaflakksins
Vigdís Hauksdóttir, fulltrúi Miðflokksins

Verkefnastjóri:

Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri.

Til ráðgjafar og samstarfs:

- Verkefnastjórn sem í eiga sæti fulltrúar skóla- og frístundasviðs og teymi innlendra og erlendra ráðgjafa undir forystu Pasi Sahlberg.
- Samráðsvettvangur skipaður fulltrúum skóla- og frístundaráðs, kjörnum fulltrúum og áheymarfulltrúum, undir forystu Dags. B. Eggertssonar borgarstjóra.
- Hagsmunaaðilar í skóla- og frístundastarfi.

Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni lokaskýrslu eigi síðar en 15. nóvember 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

ERINDISBRÉF

Heiti hóps: Verkefnastjórn um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030
Ábyrgðarmaður: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs
Hlutverk: - Ábyrgð á daglegri umsjón og framkvæmd með mótun menntastefnu - Vera með heildarsýn yfir samráð við vettvang - Undirbúningur fyrir fundi stýrihóps og samráðsvettvangs, vera með heildarsýn yfir samráð við vettvanginn - Samskipti við stjórnendur á vettvangi og miðlun upplýsinga um upplegg funda
Markmið Að ferlið og vinnan við mótun menntastefnu verði markvisst og skili góðri vinnu og samráði um menntastefnu Reykjavíkur til 2030
Helstu verkefni: Halda utan um og tryggja að eftirfarandi vinna eigi sér stað: - Náið samstarf við stýrihóp, samráðsvettvang, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar. - Sjá til þess að skipulagt ferli við vinnuna haldist. - Vera með heildarsýn yfir fundi með vettvangi og samantektum á afrakstri þeirra.
Fulltrúar í verkefnastjórn: Helgi Grímsson, sviðsstjóri, formaður Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundahluta fagskrifstofu Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs
Formaður verkefnahóps: Helgi Grímsson
Verkefnastjóri: Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri
Ráðgjöf/samstarf: - Stýrihópur mótunar menntastefnu Reykjavíkurborgar. - Verkefnastjórn sem í eiga sæti fulltrúar skóla- og frístundasviðs og teymi innlendra og erlendra ráðgjafa undir forystu Pasi Sahlberg. - Hagsmunaaðilar í skóla- og frístundastarfi.
Starfstímabil og skil: Starfshópurinn skipaður 12. janúar 2017 og lokaskil 15. nóvember 2017

Reykjavík 14. febrúar 2017

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavíkurborg

R17010123

ERINDISBRÉF**Samráðsvettvangur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030****Ábyrgðarmaður:**

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Bera ábyrgð á greiningu og mótun megináherslna við gerð menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.

Markmið:

Markmið vinnunnar er að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brýnustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.

Helstu verkefni:

- Umræður og greining fyrirbyggjandi gagna um stöðu og einkenni skóla- og frístundastarfs í borginni
- Móta sameiginlega framtíðarsýn og megináherslur menntastefnu með hliðsjón af niðurstöðum gagnaöflunar úr skólasamfélaginu.
- Móta sameiginlega aðgerðaráætlun menntastefnu í samstarfi við stýrihóp og með hliðsjón af niðurstöðum gagnaöflunar úr skólasamfélaginu.

Fulltrúar í samráðsvettvangi:

Skúli Helgason, Samfylkingin
 Björn Blöndal, Björt framtíð
 Halldór Halldórsson, Sjálfstæðisflokkur
 Halldór Auður Svansson, Píratar
 Líf Magneudóttir, Vinstri Grænir
 Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, Framsókn og flugvallarvinir
 Sabine Leskopf, Samfylkingin
 Eva Einarsdóttir, Björt framtíð
 Kjartan Magnússon, Sjálfstæðisflokkurinn
 Marta Guðjónsdóttir, Sjálfstæðisflokkurinn
 Hermann Valsson, Vinstri grænir
 Jóna Björg Sætran, Framsókn og flugvallarvinir
 Katla Hólm, Píratar
 Fulltrúi skólastjóra
 Fulltrúi leikskólastjóra
 Fulltrúi kennara
 Fulltrúi starfsfólks í leikskólum
 Fulltrúi stjórnenda frístundamiðstöðva
 Fulltrúi starfsfólks í frístundastarfi
 Fulltrúi foreldra grunnskólabarna

Fulltrúi foreldra leikskólabarna
Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna
Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands
Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík
Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands
Ráðgjafateymi

Formaður samráðsvettvangs:

Dagur B. Eggertsson.

Verkefnastjóri:

Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Náið samstarf við stýrihóp, verkefnastjórn, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar.

Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni lokaskýrslu eigi síðar en 15. nóvember 2017

Reykjavík, 27. febrúar 2017



Dagur B. Eggertsson

R17010123

ERINDISBRÉF

Samráðsvettvangur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Bera ábyrgð á greiningu og mótun megináherslna við gerð menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030.

Markmið:

Markmið vinnunnar er að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brynustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.

Helstu verkefni:

- Umræður og greining fyrirbyggjandi gagna um stöðu og einkenni skóla- og frístundastarfs í borginni
- Móta sameiginlega framtíðarsýn og megináherslur menntastefnu með hliðsjón af niðurstöðum gagnaöflunar úr skólasamfélaginu.
- Móta sameiginlega aðgerðaráætlun menntastefnu í samstarfi við stýrihóp og með hliðsjón af niðurstöðum gagnaöflunar úr skólasamfélaginu.

Fulltrúar í samráðsvettvangi:

Skúli Helgason, Samfylkingin
Pawel Bartoszek, Viðreisn
Örn Þórðarson, Sjálfstæðisflokkurinn
Alexandra Briem, Píratar
Líf Magneudóttir, Vinstri Grænir
Katrín Atladóttir, Sjálfstæðisflokkurinn
Valgerður Sigurðardóttir, Sjálfstæðisflokkurinn
Sigríður A. Jóhannsdóttir, Samfylking
Gunnlaugur Bragi Björnsson, Viðreisn
Elín Oddný Sigurðardóttir, Vinstri Grænir
Rannveig Ernudóttir, Píratar
Marta Guðjónsdóttir, Sjálfstæðisflokkurinn
Kolbrún Baldursdóttir, Flokkur Fólksins
Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sósíalistaflokkurinn
Fulltrúi skólastjóra
Fulltrúi leikskólastjóra
Fulltrúi kennara
Fulltrúi starfsfólks í leikskólum
Fulltrúi stjórnenda frístundamiðstöðva
Fulltrúi starfsfólks í frístundastarfi
Fulltrúi foreldra grunnskólabarna
Fulltrúi foreldra leikskólabarna
Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna
Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands
Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík
Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands

Ráðgjafateymi

Formaður samráðsvettvangs:
Dagur B. Eggertsson

Verkefnastjóri:
Hrönn Pétursdóttir verkefnastjóri.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Náið samstarf við stýrihóp, verkefnastjórn, ráðgjafateymi og fulltrúa helstu aðila sem koma að og eiga hagsmuna að gæta í skóla- og frístundastarfi á vegum borgarinnar.

Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni lokaskýrslu eigi síðar en 15. nóvember 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

Reykjavík, 6. nóvember 2018
R17010123
400

Borgarráð

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Meðfylgjandi er tillaga að menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 ásamt fylgigögnum, lagt er til að henni verði vísað til samþykktar í borgarstjórn.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 - drög.

Bréf til borgarstjóra frá formanni stýrihóps um mótn menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Dags. 5. nóvember 2018.

Greinargerð með menntastefnu, dags. 5. nóvember 2018.

Fylgiskjal - innleiðing, ódagsett.

Endurskipan í stýrihóp og samráðsvettvang um mótn menntastefnu, dags. 17. september 2018.

Erindisbréf - Stýrihópur um mótn menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, dags. 27. febrúar 2017.

Erindisbréf - Samráðsvettvangur um mótn menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, dags. 27. febrúar 2017.

Erindisbréf - Verkefnastjórn um mótn menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, dags. 14. febrúar 2017.

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030

Almennar aðgerðir – verkaskipting og framvinda – staðan 6. júní 2019

Málþroski og læsi: Efla á málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna. Lögð verður áhersla á að auka færni starfsmanna til að styðja við málþroska, lestrarfærni og lesskilning barna með sérstakri áherslu á markviss inngrip m.a. vegna barna með annað móðurmál en íslensku.					
Ábyrgðaraðili: MML/DR					
Verkpáttur	Áætlað upphaf	Áætlað lok	Staða verkefnis	Fjárhagsáætlun	Ábyrgðaraðili verkpáttar
Gera tímasetta innleiðingaráætlun tillagna starfshóps um læsi (vísa í plagg Drafnar)	2018-2021	0	L	Innan ramma M	MML/DR
Hrinda í framkvæmd VELKOMIN fyrir haustið 2019 samkvæmt aðgerðaáætlun	0	0	V	Á árinu 2019, 3	MML/DR, DÁ
Kynningaráætlun					
Ábyrgðaraðili: RES					
Verkpáttur	Áætlað upphaf	Áætlað lok	Staða verkefnis	Fjárhagsáætlun	Ábyrgðaraðili verkpáttar
Klára kynningartexta í stefnunni sjálfri – setja upp og útbúa bækling til dreifingar	Janúar	Janúar	L	0	RES
Fundur með öllum stjórnendum skóla- og frístundasviðs	Febrúar	Febrúar	L	0	RES
Áhersla á kennara og starfsfólk skóla- og frístundasviðs (kynningarbæklingur tilbúinn, PPT kynning, stutt myndband um stefnuna?)	Febrúar	Haust	V	0	RES
Áhersla á nemendur og foreldra (kynningarbæklingur, tölvupóstar til foreldra)	Vor	Haust	V	0	RES
Áhersla á grundvallarþættina fimm (til viðbótar því efni sem komið var verði gerð stutt myndbönd um hvern færniþátt fyrir sig)	Ágúst	Desember	E	0	RES
Fagmennska: Fjölga á fagmenntuðu starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundapjónustu og efla faglegt samstarf þeirra í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti, háskóla og Kennarasamband Íslands. Lögð verður áhersla á öflugt kynningarstarf og fjölbreyttar aðgerðir sem hvetja fólk til að starfa í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi í Reykjavík.					
Ábyrgðaraðili: FBJ og RES					
Verkpáttur	Áætlað upphaf	Áætlað lok	Staða verkefnis	Fjárhagsáætlun	Ábyrgðaraðili verkpáttar
Samstarfssamningur	febrúar	43586	I	11.000.000	FBJ og RES
Símenntunarnámskeið (grundvallarþættir, stjórnun, leiðtoginn, fagmennska, virkni barna)	vor 2019	V	0	0	FBJ og RES
Dróa símenntunartilboð fyrir grunnskóla sem felur í sér einingar	vor 2019	V	0	0	FBJ og RES
Vinna yfirlit yfir samstarf SFS og MVS	vor 2019	V	0	0	FBJ
Skipuleggja samstarf um Meistaraprófsrannsóknir v. Menntastefnu, kynningu á þeim og vekja athygli á viðurkenningum fyrir ritgerðir	mars/apríl	V	0	0	FBJ og RES
Samstarf við skóla- og frístundastarf, Skrekk, Barnamenningarhátíð ofl.	apríl	V	0	0	FBJ og RES
Fjölgun fagfólks:					
Halda áfram markvissu kynningarstarfi					RES
Stofna til markvissara samstarfs við fagfélög, háskóla og					

Þróunarsjóður: Stofna á þróunarsjóð til að styðja við sjálfsþróttin þróunarverkefni á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að framsangi menntastefnunnar og auka samvinnu starfsmanna og stofnana.					
Ábyrgðaraðili: HG, FBJ og fagstýrirur					
Verkpáttur	Áætlað upphaf	Áætlað lok	Staða verkefnis	Fjárhagsáætlun	Ábyrgðaraðili verkþáttar
Dreifing fjármagns (hvaða reikniregla?)	Janúar	1.2.2019	L	200.000.000	HG, FBJ og fagstýrirur
Fyrirkomulag þróunarsjóðs 2019-2021	febrúar	1.2.2019	L	0	HG, FBJ og fagstýrirur
Grundvallarforsendur þróunarsjóðs	febrúar	1.2.2019	L	0	HG, FBJ og fagstýrirur
Nýjar reglur þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og	febrúar	1.2.2019	L	0	HG, FBJ og fagstýrirur
Valnefnd	mars/apríl	0	L	0	HG, og fagstýrirur
Úthlutun	apríl/mái	0	L	0	HG, KG
Nýsköpunarmiðja					
Ábyrgðaraðili: FBJ					
Verkpáttur	Áætlað upphaf	Áætlað lok	Staða verkefnis	Fjárhagsáætlun	Ábyrgðaraðili verkþáttar
Helfja starfssemi	okt-jan 2018	jan/feb	L	0	HG, FBJ og fagstýrirur
Kynna NýMið fyrir vettvangi	Janúar	jan/feb	V	0	HG, FBJ og fagstýrirur
Samræma ráðgjöf og samstarf við skrifstofu SFS	vor / haust 20	0	V	0	HG, FBJ og fagstýrirur
Menntun án aðgreiningar/Sérstakur stuðningur: Einfalda á allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir með það að markmiði að veita börnum þjónustu í nærumhverfi þeirra. Samþætta á í eina heild skipan og verklag skólapijónustu, sérkennslu og stuðnings í skóla- og frístundastarfi. Lögð verður áhersla á snemmtæka íhlutun og markviss inngrip sem skila börnum mælanlegum framförum auk þess sem dregið verður úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.					
Verkpáttur	Áætlað upphaf	Áætlað lok	Staða verkefnis	Fjárhagsáætlun	Ábyrgðaraðili verkþáttar
Móta ramma skv. LOI fyrir fjárveitingar og úthlutanir	0	0	V		HL-GM
Stilla af innri og ytri kerfi (SFS, þjónustumiðstöð og greiningaraðilar)	0	0	V	0	HV
Samhæfing verkferla, sérkennslu og stuðnings í grunnskóla, leikskóla og frístundastarfi með skólapijónustunni í öllum borgarhlutum út frá hugmyndafræðin Menntunar fyrir alla	0	0	V	0	HL-HHL-SRH
Innleiðing LOI (Málþing og vinnustofur með stjórnendum og kennurum)	Skólaárið 19-	0	E	0	HL-HHL-SRH
Útbúa kynningar- og fræðslupakka fyrir starfsólk	Skólaárið 19-	0	E	0	HL-HHL-SRH
Fjölbreyttir starfshættir: Auka á vægi náttúrugreina, stærðfræði, útínáms og sköpunar innan samfellda skóla- og frístundadags. Lögð verður áhersla á að efla sámenntun starfsmanna, fjölga námstækifærum barna og ungmenna og bæta aðstöðu.					
Ábyrgðaraðili: NýMið - MÚÚ					
Verkpáttur	Áætlað upphaf	Áætlað lok	Staða verkefnis	Fjárhagsáætlun	Ábyrgðaraðili verkþáttar
Standa fyrir námskeiðum og málstofum fyrir kennara og annað starfsfólk í samstarfi við kennara af vettvangi	2018-2021	2021	V	#REF!	NýMið - MÚÚ-NýMið
Úttekt á aðstöðu og búnaði á starfsstöðum	2018-2019	vor 2019	V	0	SV-IMG-SP

List- og verknám: Tryggja á börnum jafnari tækifæri og aðgang að fjölbreyttu list- og verknámi í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika. Lögð verður áhersla á að auka jafnræði milli borgarhluta við dreifingu fjármagns til list- og verknáms. Einnig verður unnið að því að efla starf listaskóla og auka samstarf við framhaldsskóla um kennslu list- og verknáms.

Ábyrgðaraðili: SB

Verkpáttur	Áætlað upphaf	Áætlað lok	Staða verkefnis	Fjárhagsáæ tlun	Ábyrgðaraðili verkpáttar
Innleiðing tillagna um aukið vægi list- og verkgreina í grunnskóla	haust 2018	2020	V	0	SB-SV
Gera sambærilega greiningu í leikskóla- og frístundastarfi	ekki hafið	0	E	0	SB-IMG-SP
Móta tillögur um eflingu listaskólanna til að tryggja jafnari tækifæri og aðgang að fjölbreyttu námi	1.1.2019	0	V	0	SB
Stofna til samstarfs við Borgarholtsskóla, FB og Tækniskólann með það að markmiði að brúa milli skólastiga	ekki hafið	0	E	0	SV

Aðbúnaður: Bæta á aðstöðu til skóla- og frístundastarfs þannig að húsnæði og búnaður auðveldi starfsfólki að vinna að framskiptum menntastefnum, aðalnámsskrám leikskóla- og grunnskóla og frístundastefnu Reykjavíkurborgar. Lögð verður áhersla á að öll aðstaða til skóla- og frístundastarfs yti undir vellíðan og heilbrigði barna og starfsmanna.

Ábyrgðaraðili: Fagstýrur

Verkpáttur	Áætlað upphaf	Áætlað lok	Staða verkefnis	Fjárhagsáæ tlun	Ábyrgðaraðili verkpáttar
Forgangsröðun aðgerða í grunnskóla	2018	0	L	0	SV
Greining á aðstöðu í leikskóla og forgangsröðun aðgerða	2018	0	V	?	IMG
Greining á aðstöðu í frístundastarfi og forgangsröðun aðgerða	2018	0	V	?	SP
Rýmis- og samnýtingarsamningar	2019	0	V	0	SV-SP

Tækni/Upplýsinga- og tæknimennt: Innleiða á heildstærðu nýtingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi í samræmi við stefnu skóla- og frístundasviðs í upplýsinga- og tæknimennt. Áhersla verður lögð á að bæta búnað og efla ráðgjöf og símenntun á sviði upplýsingatækni.

Ábyrgðaraðili: NýMið/FBJ

Verkpáttur	Áætlað upphaf	Áætlað lok	Staða verkefnis	Fjárhagsáæ tlun	Ábyrgðaraðili verkpáttar
Innleiðing stefnu sviðsins í upplýsinga og tæknimennt	2018	0	V	23.000.000	NýMið - UT teymi (PSP)

Starfsþróun: Veita á starfsfólki skóla- og frístundasviðs ríkari tækifæri til starfsþróunar og tryggja því markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Lögð verður áhersla á að efla samstarf við menntavísindasvið HÍ og aðrar menntastofnanir sem koma að grunn- og símenntun starfsmanna skóla- og frístundasviðs. Þá verður unnið að því að hvetja og leiðbeina starfsstöðum við að sækja um fjármagn í innlenda og erlenda þróunarsjóði.

Ábyrgðaraðili: NýMið og RES

Verkpáttur	Áætlað upphaf	Áætlað lok	Staða verkefnis	Fjárhagsáæ tlun	Ábyrgðaraðili verkpáttar
Tryggja að framboð og skipulag hæfi starfsstaðstæðum og möguleikum starfsfólks og starfsstaða	vor 2019	0	V	0	NýMið og RES
Stuðla að betri gæðum í starfsþróun starfsfólks og að tíminn sem er til starfsþróunar nýttist sem best	vor 2019	0	V	0	NýMið og RES
Byggja upp ráðgjafanet fyrir starfsfólk og starfsstaði	vor 2019	0	V	0	Fagskrifstofur og RES
Stofna til formlegs samstarfs um inntak grunnnáms	0	0	E	0	0
Teikna upp og koma á framfæri styrkjaflóru fyrir starfsstaði	vor 2019	0	V	0	Nýmið

Stuðningur og ráðgjöf/Stuðningur við starfsstaði v. innleiðingar Menntastefnu: Nýsköpunarmiðja menntamála, sem sett var sett á stofn samhliða samþykkt menntastefnunnar, veiti starfsstöðvum stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar og útfærslu á einstökum áhersluþáttum hennar í víðtækri samvinnu við stofnanir innan sem utan borgarinnar. Áherslur verður lögð á starfsþróun og kennslufæðilega ráðgjöf.

Ábyrgðaraðili: FBJ og RES

Verkpáttur	Áætlað upphaf	Áætlað lok	Staða verkefnis	Fjárhagsáæ tlun	Ábyrgðaraðili verkpáttar
Innleiðingarhópur: Handbækur (gátlistar, mælikvarðar, verkfærakistur, veggspjöld)	mars/apríl fyr	0	V	0	FBJ
Innleiðingarhópur: Samskiptastefna (fundir deilda á skrifstofu, stjórnendafundir, hverfisfundir, kynningar á	janúar/febrúar	0	V	0	FBJ
Innleiðingarhópur: Tímalínur (fylgja eftir framkvæmd	janúar/febrúar	0	L	0	FBJ
Gátlistahópur: Gátlisti (þar sem nýttar verða viðmið og vísbendingar og niðurstöður funda á starfsstöðum um menntastefnu í mótun https://reykjavik.is/menntastefna-til-2030)	mars/apríl fyr	0	L	0	FBJ
Grundvallarþáttahópur: Verkfærakistur með hugmyndum að verkefnum sem tengjast grundvallarþáttunum	mars/apríl fyr	0	V	0	FBJ
Vinnuhópur um rafrænt umhverfi handbóka?	hefst í febrúar	0	V	0	FBJ og RES

Þróunarstyrkir

Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarjóns skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefni styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglunga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.
2. Forsenda styrkveitingar er að þróunar- og nýsköpunarverkefni byggi á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósinn eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf.
3. Í heild verði allt að 150 milljónum úthlutað til allra leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita fyrir skólaárið 2019-2020 út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknigreghu sem annars vegar tekur til fjölda árlegra stöðugilda og svo barnafjölda á hlutaðeigandi starfsstað.
4. Fulltrúar frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs yfirfara umsóknir og upplýsa fjármáladeild um niðurstöður styrkveitinga.
5. Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir 1. apríl 2019 og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
6. Umsóknir eru yfirfarnar með hliðsjón af a) tengingu við Menntastefnu Reykjavíkur b) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; c) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi hálfan mánuð til að gera nauðsynlegar úrbætur.
7. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað greinagerð um verkefnið eigi síðar en þann 1. júní 2020 samkvæmt skilmálum um skil greinagerðar sem er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
8. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 2/3 styrksins greiddur út og 1/3 við skil greinagerðar.
9. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Gerð skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun fyrir árið 2019-2020 ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.
10. Skóla- og frístundasvið leggur skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum. Jafnframt skal leggja fram í skóla- og frístundaráði yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið.

Þróunarstyrkir

Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefni styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglinga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.
2. Forsenda styrkveitingar er að um samstarfsverkefni sé að ræða. Verkefni byggja á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósin eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf.
3. Skóla- og frístundaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leik-, grunn- og frístundamála SFS og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málaflokki. Nefndin gerir tillögur til skóla- og frístundaráðs um hvaða verkefni fá styrk og um styrkupphæð.
4. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkur felur ekki í sér framtíðarskuldbindingu fyrir borgarsjóð. Ekki er gerður styrkjasamningur til meira en eins árs í senn.
5. Umsóknir skulu hafa borist fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhöfum úthlutunar ár hvert er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
6. Verkefni verða að vera styrkhæf skv. styrkjareglum Reykjavíkurborgar og reglum hlutaðeigandi ráðs. Allir sem njóta styrkja borgarinnar skulu kynna sér stefnumörkun borgarinnar og er áskilið af hálfu borgarinnar að þeir hlíti henni. Reglur Reykjavíkurborgar gilda um styrki skóla- og frístundaráðs.
7. Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs geta sótt um styrki til þróunar- og nýsköpunarverkefna. Þeir geta haft til samstarfs í verkefnum sjálfstætt starfandi leik-, grunn- og listaskóla eða aðra. Gerð er krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan sem utan hverfis.
8. Gera skal grein fyrir því hvernig verkefnið tengist rannsóknum eða samstarfi við háskólasamfélagið, hvers konar samstarfi/teymishugsun verkefnið byggja á, og hvernig nýta á hringferli stöðugra umbóta og þróunar með það að markmiði að byggja upp lærdómssamfélag.



9. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) tengingu við Menntastefnu Reykjavíkur b) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; c) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf, d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Úthlutunarnefndinni er heimilt að leita umsagna eða álits annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á. Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi hálfan mánuð til að gera nauðsynlegar úrbætur.
10. Skóla- og frístundasvið og hver styrkþegi gera með sér skriflegan samning um verkefnið sem hlýtur styrk þar sem fram koma m.a. skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn og áætlun verklok. Einnig skal tilgreindur heildarfrjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað skýrslu um verkefnið (sjá nánar um skýrslugerð á heimasíðu skóla- og frístundasviðs). Sé skriflegur samningur ekki undirritaður 6 mánuðum eftir úthlutun er litið svo á að styrkþegi hafi styrknum.
11. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega. Þ.m.t. að lokaskýrslu og yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár er ekki skilað.
12. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 2/3 styrksins greiddur út og 1/3 þegar lokaskýrsla eða áfangaskýrsla í þeim verkefnum sem ná yfir lengri tíma, hefur verið samþykkt.
13. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Styrkþegi skal skila skrifstofu borgarstjórnar og hlutaðeigandi fagsviði greinargerð um ráðstöfun styrkjar eigi síðar en 2 mánuðum eftir að verkefni lýkur eða skv. ósk Reykjavíkurborgar þar um á þar til gert eyðublað. Gera skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.
14. Árlega skal úthlutunarnefndin leggja skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum síðastliðið reikningsár. Jafnframt skal úthlutunarnefnd leggja fram árlega yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið ásamt yfirliti yfir ráðstöfun styrkfjár frá styrkþega auk lokaskýrslu styrkþega.



Hlutverk stjórnenda í innleiðingu menntastefnu

Námskeið haldið í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ

Leiðbeinendur: Dr. Anna Kristín Sigurðardóttir og Dr. Guðrún Ragnarsdóttir

Námskeiðið er ætlað leik- og grunnskólastjórum,
stjórnendum frístundamiðstöðva og skólahljómsveita.

Markmið námskeiðsins er að styðja stjórnendur á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar við innleiðingu menntastefnu borgarinnar. Þátttakendur fara í gegnum aðferðir sem nýtast þeim til að leiða árangurrikt breytingastarf. Einnig verður rýnt í forystuhlutverk stjórnenda í breytinga- og þróunarstarfi sem miðar að valdeflingu þeirra sem koma með einum eða öðrum hætti að námi, leik og starfi barna. Byggt verður á kenningum um lærdómssamfélag og heiltæka nálgun að umbótum sem báðar leggja áherslu á samstarf og samvirkni. Þátttakendur fá innsýn inn í verkfæri sem þeir geta nýtt sér við áætlanagerð og þá einkum til að skerpa eigin áherslur, flétta inn áherslum samstarfsfólks og hanna fjölbreyttar leiðir til aðgerða.

Sama námskeiðið verður haldið **tvisvar**:

- 2. maí kl. 12:30-16:00 í Vindheimum 7. hæð Borgartúni 14 (skráningu lýkur á hádegi 30. maí)
- 17. maí kl. 8:30-12:00 í Kerhólum Borgartúni 12 (skráningu lýkur 14. maí)

Vinsamlegast skráið þátttöku hjá anna.gardarsdottir@reykjavik.is



Sjálfsfelling og félagsfærni

Námskeið haldið í samvinnu við Menntavísindasvið HÍ



Markhópur: starfsfólk skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur
Þriðjudaginn 28. maí kl. 8:30-11:30, félagsmiðstöðinni Tónabæ Safamýri 28.

Alda Ingibergsdóttir sálfræðingur og doktorsnemi við Menntavísindasvið HÍ.

- Alda mun fjalla um sjálfsfellingu út frá óherslum í aðalnámsskrá og nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar. Hún fer yfir ýmsa undirþætti sjálfsfellingar, t.d. sjálfstíltrú, sjálfsþekkingu, sjálfsstjórn og ábyrga ákvarðanatöku. Tengt verður við verkefnið UPRIGHT sem miðar á heildstæðan hátt að aukinni vellíðan og seiglu meðal unglinga, fjölskyldna og starfsfólks skóla. Gefin verða dæmi um verkefni sem þátttakendur fá að spreyta sig á.

Hagnýt verkefni af vettvangi: Bjarni Þórðarson, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar tíunnar
Vinabönd, vináttuþjálfun fyrir unglinga sem miðar að aukinni félagslegri þátttöku.

Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor við Menntavísindasvið HÍ.

- Sigrún mun fjalla um mikilvægi félagsfærni fyrir börn og ungmenni bæði í samtíð og þegar til framtíðar er litið. Hún tengir hugtakið félagsfærni við hugtakið samskiptahæfni og greinir frá niðurstöðum rannsókna sinna á því hvernig samskiptahæfni ungmenna tengist ýmsum öðrum þroskaþáttum þeirra, líðan og hegðun. Fjallað verður um það hvernig hægt er að efla samskiptafærni heima fyrir og í skólastarfi en í því samhengi er lögð sérstök áhersla á þróunarverkefni sem miða að því að skapa lærdómssamfélag. Þar gefst kennurum og skólastjórnendum tækifæri til að ígrunda eigin uppeldis- og menntasýn og ýta undir samráð og samvinnu. Gefið verður dæmi um verkefni sem miðar að því að hlúa að félags- og tilfinningaþroska.

Hagnýt verkefni af vettvangi:

Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, sálfræðingur þjónustumiðstöð Breiðholts

Skólatengsl: lykill að árangri og vellíðan nemenda.

Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála

Gefðu 10 – aðferð til að efla tengsl, virka þátttöku og samræður í fjöltyngdum barnahópum

Vinsamlegast skráið þátttöku fyrir 27. maí hjá anna.gardarsdottir@reykjavik.is

